

Veiði- og fiskræktarfélag Landmannaafreittar  
Hjallanesi 2  
851 Hella

Reykjavík, 24. október 2019  
UST201811-096/F.T.  
08.12.02

### Efni: Samþykkt úrbótaáætlun - Galtalækur

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 6. desember sl. þar sem stofnunin óskaði eftir úrbótaáætlun vegna frávika sem skráð voru í eftirliti dags. 27. september 2018. Stofnuninni hefur nú borist úrbótaáætlun rekstraraðila.

#### Frávikin eru eftirfarandi:

1. 6. gr. laga 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 5. grein reglugerðar 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Til starfrækslu fiskeldisstöðva þarf starfsleyfi Umhverfisstofnunar. **Rekstraraðili hefur nú sótt um starfsleyfi til stofnunarinnar. Stofnunin bendir á að frávikið mun haldast opið þar til starfsleyfi hefur verið gefið út. Rekstraraðila er bent á heimild í 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit þar sem fram kemur að ráðherra sé heimilt að veita undanþágu frá kröfu um starfsleyfi, sé komin fram fullnægjandi starfsleyfisumsókn til útgefanda starfsleyfis.**
2. Gr. 1.4 í samræmdum skilyrðum fyrir fiskeldi á landi. Engar skráningar eru til staðar varðandi úrgangslausun, losun efna út í umhverfið, framleiðslumagn eða aðrar skráningar skv. gr. 1.4 í samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi. **Rekstraraðili hefur nú tekið í notkun nýtt skráningareyðublað sem tilgreinir þau atriði sem stofnunin fer fram á að skráð séu, þ.m.t. magn og tegund fóðurs og afföll. Stofnunin fellst á framangreint og mun taka úrbætur út í næsta eftirliti. Stofnunin bendir þó á að kröfur til skráninga geti breyst samhliða útgáfu nýs starfsleyfis.**
3. Gr. 1.4 í samræmdum skilyrðum fyrir fiskeldi á landi. Rekstraraðili skal gera viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa og neyðaráætlun ef til tímabundinnar eða ótímabundinnar rekstrarstöðvunar kemur. **Í uppfærðri gæðahandbók rekstraraðila sem barst stofnuninni 8. október sl. er fjallað um framangreind atriði. Stofnunin fellst á áætlunina og telst frávikin því lokið.**
4. Gr. 2.1, 2.6, og 3.1 í samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi. Frárennsli frá fiskeldi skal forhreinsa áður en það berst í viðtaka, frárennsli sem berst beint í viðtaka skal miða við að lágmarki eins þreps hreinsun. **Rekstraraðili hefur sett upp búnað til hreinsunar á frárennsli. Skv. upplýsingum frá rekstraraðila 6. september nk. hefur hreinsunarbúnaður verið tekinn í notkun. Stofnunin óskar eftir myndum af búnaðinum.**

**Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti.**


Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst



Hulda Soffía Jónasdóttir  
sérfræðingur



Frigg Thorlacius  
lögfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Suðurlands